

Coripharma ehf.
Reykjavíkurvegi 78-80
220 Hafnarfjörður

19. desember 2025
UOS2501395/K.G.

Efni: Samþykkt úrbótaáætlun

Umhverfis- orkustofnun vísar í bréf sitt frá 19. nóvember 2025, þar sem fram kom að frávik hefðu verið skráð í eftirliti í Coripharma ehf. þann 9. október 2025. Þann 10. desember 2025 barst úrbótaáætlun rekstraraðila.

Frávikin eru eftirfarandi:

1. Frávik frá reglugerð 796/1999. Losun efna á lista II samkvæmt viðauka við reglugerð nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns, er óheimil án sérstakrar heimildar í starfsleyfi.

Rekstraraðili hefur tæmt safnþrær sem taka við fráveituvatni frá starfsemi að Reykjavíkurvegi 78–80. Framkvæmdar verða nýjar mælingar á fráveituvatni í kjölfar tæmingar. Rekstraraðili hefur jafnframt sótt um nýtt starfsleyfi til Umhverfis- og orkustofnunar, þar sem málið verður tekið til skoðunar.

2. Frávik frá almennum starfsleyfisskilyrðum. Spilliefnagámur á lóð er ekki vatnsheldur og stenst ekki kröfur um örugga geymslu.

Rekstraraðili hefur lagt fram tímasetta úrbótaáætlun. Í stað gámsins verða sett upp 660 lítra kör frá Terra. Jafnframt verður leitað áfram að gám eða smáhýsi sem uppfyllir kröfur, samhliða mati á því hvort 660 lítra kör geti reynst varanleg lausn. Fyrir lok annars ársfjórðungs 2026 verður komið á geymslufyrirkomulagi sem uppfyllir kröfur, hvort sem um ræðir lokaða geymslu eða karalausn frá Terra.

Umhverfis- og orkustofnun fellst á úrbótaáætlun rekstraraðila en úrbætur vegna frávikanna verða teknar út í næsta eftirliti stofnunarinnar.

Umhverfis- og orkustofnun bendir á að bréf þetta verður birt á heimasíðu stofnunarinnar.

Virðingarfyllst,

Kjartan Guðmundsson

Sérfræðingur í teymi eftirlits

Frigg Thorlacius

Lögfræðingur í teymi eftirlits